Fjallabyggð

FASTEIGNAGJÖLD 2017

1. Álagningarprósentur.

Fasteignaskattur skv. a.lið 0,49%
Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur skv. b.lið 1,32%
Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Fasteignaskattur skv. c.lið 1,65%
Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu

Lóðarleiga íbúðarhúsa,
bifreiðageymslna og félagsheimila 1,90%
Lóðaleiga annarra lóða 3,50%

Vatnsskattur 0,35%

Holræsagjald af fasteignamati húsa,
mannvirkja lóða og landa 0,36%

Sorphirðugjald á hverja íbúð 41.000 kr (36.250)
Hálft sorphirðugjald er lagt á eigendur sumarhúsa á skipulögðum frístundasvæðum.

2. Fjöldi gjalddaga.

Fjöldi gjalddaga eru átta, frá 1. mars 2017 til 1. október 2017,
með eindaga 1. næsta mánaðar.
Ef álagning fasteignagjalda á fasteign nær ekki 35.000 kr. á gjaldanda, verður öll upphæðin innheimt á fyrsta gjalddaga, 1. mars 2017.
Gefinn er kostur á því að gjaldendur geti samið um uppgreiðslu gjalda fyrr en nauðsyn er.

Álagningarseðlar fasteignagjalda 2017 verða sendir í pappírsformi til allra gjaldenda.
Einnig er gert ráð fyrir að gjaldendur geti nálgist rafræna útgáfu álagningarseðlanna á vefsíðu island.is.

3. Álagning gjalda.

Álagning er unnin í álagningarkerfi Þjóðskrár Íslands.
Niðurstaða er færð í bókhaldkerfi sveitarfélagsins og í innheimtukerfi þess stofnaðar greiðslukörfur mánaðarlega og innheimtuseðlar sendir lögaðilum og gjaldendum 65 ára og eldri. Gjaldendum birtist greiðsluseðill rafrænt í heimabanka. Ef vilji er til að greiða með boðgreiðslum hafið samband við skrifstofu bæjarfélagsins.

4. Reglur um afslætti og styrki.

Í reglum Fjallabyggðar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka kemur fram að styrkupphæðin geti numið allt að álögðum fasteignaskatti og greiðist á fyrri hluta árs. 2016 var veittur afsláttur sem nam 100% af álögðum fasteignaskatti samtals tæp 2,5 milljónir. Tillaga 2017 er að veittur verði xx% afsláttur.

Afsláttur af fasteignaskatti hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er tekjutengdur og getur verið allt að kr. 60.000,-. (59.000)
Afsláttur er hlutfallslegur að teknu tilliti til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna samkvæmt síðasta skattframtali, þ.e. vegna tekna ársins 2015. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Flokkur -	Einstaklingar	Afsláttur
1.	0 - 2.100.000	– 100%
2.	2.100.001 – 2.600.000	- 75%
3.	2.600.001 – 3.100.000	– 50%
4.	3.100.001 – 3.600.000	– 25%
5.	3.600.001 –	– 0%

Flokkur -	Hjón/Sambýlisfólk	Afsláttur
1.	0- 3.150.000	- 100%
2.	3.150.001 – 3.900.000	- 75%
3.	3.900.001 – 4.650.000	– 50%
4.	4.650.001 – 5.400.000	– 25%
5.	5.400.001 –	– 0%

Viðmið 2016 voru:

Flokkur -	Einstaklingar	Afsláttur
1.	0 - 1.937.000	– 100%
2.	1.937.001 – 2.335.000	- 75%
3.	2.335.001 – 2.721.000	– 50%
4.	2.721.001 – 3.097.000	– 25%
5.	3.097.001 –	– 0%

Flokkur -	Hjón/Sambýlisfólk	Afsláttur
1.	0- 2.905.000	- 100%
2.	2.905.001 – 3.486.000	- 75%
3.	3.486.001 – 4.067.000	– 50%
4.	4.067.001 – 4.647.000	– 25%
5.	4.647.001 –	– 0%